

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga um töku tilboðs í endurskoðun fyrir Mosfellsbæ og stofnanir sveitarfélagsins

Dags: 4. nóvember 2024

Málsnúmer: 202405362/2.41

Sendandi: Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Tillaga:

Samkvæmt 72. gr. sveitarstjórnarlaga ræður sveitarstjórn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðandafyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Með vísan til framangreinds er lagt til að bæjarráð samþykki að vísa til afgreiðslu bæjarstjórnar tillögu um að gengið verði til samninga við Enor ehf. sem er lögstjóðanda í útboði á endurskoðun Mosfellsbæjar og stofnana til fimm ára með heimild til framlengingar um eitt ár.

Greinargerð:

Á 1627. fundi bæjarráðs þann 30. maí sl. var samþykkt tillaga um að framkvæma útboð á endurskoðun Mosfellsbæjar og stofnana til fimm ára með heimild til framlengingar um eitt ár.

Leitað var eftir verðtilboðum með örútbóði innan rammasamnings „RK 14.21 um endurskoðun“ þann 14. október með frest til að skila inn tilboðum til 1. nóvember 2024.

Í samræmi við heimildir rammasamnings voru gerðar kröfur um að bjóðendur væru með að lágmarki tíu starfsmenn tiltæka í endurskoðun allan samningstímann. Þar af að lágmarki þrjú starfsmenn í flokki A, þrjú starfsmenn í flokki B og fjóra starfsmenn í flokki C samkvæmt flokkun starfsfólks í rammasamningi. Gerð var krafa um að bjóðendur hefðu að lágmarki fimm ára reynslu af eftirfarandi þjónustuliðum sem tengjast endurskoðun sveitarfélags, með íbúafjölda yfir 4.000 og stofnanir þeirra:

- Alþjóðlegar reikningsskilareglur fyrir opinberar stofnanir (IPSAS).
- Reynsla á endurskoðunarstöðlum sem gilda fyrir opinbera aðila (ISSAI)
- Reynsla af endurskoðun sveitarfélaga og fyrirtækja á þeirra vegum.

Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum og miðast fjárhæðin við árlegan kostnað við endurskoðun í samræmi við útboðsskilmála:

Enor ehf.	kr. 6.600.000.
Grant Thornton endurskoðun ehf.	kr. 6.850.000.
PwC	kr. 8.500.000.

Tilboðin eru lægri en núverandi kostnaður við endurskoðun. Lægsta tilboðið barst frá Enor ehf sem uppfyllir útboðskröfur.

Virðingarfyllt,
Pétur Jens Lockton